

# UPPLÝSINGAVEITA TIL FERÐAMANNA - MÁLÞING Í BORGARNESI 8. JÚNÍ 2017



Unnur Valborg Hilmarsdóttir formaður Ferðamálaráðs setti málþingið og fjallaði í ræðu sinni um mikilvægi vandaðar og samræmdar upplýsingamiðlunar um land allt. Unnur benti jafnframt á hve sterkt vönduð upplýsingamiðlun tengist Vegvísi um ferðaþjónustu og sagði m.a.:

“Í Vegvísi um Ferðaþjónustu sem Stjórnstöð ferðamála byggir störf sín á eru skilgreindir 7 áhersluþættir þann tíma sem stjórnstöðinni er ætlað að starfa. Það má segja að vönduð upplýsingamiðlun til ferðamanna komi inn á vel flesta þessa þætti sem undirstrikar mikilvægi þess að

byggja upp vandað og markvisst kerfi við miðlun nauðsynlegra upplýsinga til ferðamanna.”

Unnur hélt áfram og tók nokkur dæmi um tengingar upplýsingamiðlunar og áherslupáttanna:

“Augljós tenging er á milli vandaðrar upplýsingamiðlunar og fyrsta þáttarins sem er **náttúruvernd**. Upplýsingar um hvar má fara og hvar ekki, utanvegaakstur o.sfrv. Þetta er fyrsti þátturinn í Vegvísinum.

Með markvissri upplýsingamiðlun erum við að  **tryggja upplifun og ánægju ferðamannsins sem er annar áherslupáttur vegvísisins**. Vönduð upplýsingamiðlun er mikilvæg til að tryggja upplifun og ánægju ferðamannsins.

**Það þarf að vera ákveðin Samhæfing og samræmi í upplýsingamiðluninni en samhæfing** er einn áherslupáttur Vegvísis og vísar til þess að starfa þarf þvert á stofnanir og ráðuneyti ætlum við að ná árangri. Við upplýsingamiðlunina þarf sömuleiðis að draga saman ólíkar stofnanir og kerfi til að allt kerfið tali einum rómi.

Þá má einng segja að með markvissri upplýsingamiðlun séum við að ýta undir **dreifingu ferðamanna** með því að gera þeim kleift að fara lengra frá höfuðborginni til dæmis með miðlun upplýsinga um vegalengdir, staðhætti, veður, færð o.s.frv.

Vönduð upplýsingamiðlun til ferðamanna mun líka kalla á aukna fagmennsku og þjálfun starfsmanna se svo eykur hæfni og gæði ferðaþjónustunnar í heild sinni sem er enn einn áherslupáttur Vegvísis.”